



## Spámenn Guðs

Samkvæmt íslam var Múhameð síðastur í röð spámanna Guðs. Á undan honum komu aðrir spámenn eins og Nói, Abraham, Móse og Jesús. Múhameð var valinn af Guði til að vera boðberi hans. Múslimar leggja mikla áherslu á að Múhameð var ekki guðlegur heldur mennskur eins og aðrir spámenn sem á undan honum komu. Múslimar viðurkenna ekki að Jesú hafi verið sonur Guðs en þeir viðurkenna hann sem spámann.



Samkvæmt íslam er hlutverk spámanna mjög mikilvægt. Þeir eru valdir og blessaðir af Guði til þess að útskýra og leiðbeina þjóð sinni. Guð velur þá sem honum eru þóknanlegir og færir um að sýna fordæmi í siðferðislegum og andlegum efnum. Spámönnum opinberast orð Guðs

**Spámenn** Guðs eru menn sem eru sérstakir sendiboðar Guðs til mannfólksins, samkvæmt gyðingdóm, kristni og íslam.

**Nói** er einn af merkustu spámönnum Guðs samkvæmt gyðingdóm, kristni og íslam. Guð talaði við hann og lét hann byggja örð sem hann safnaði dýrum jarðarinn. Ástæðan var sú að mennirnir voru orðnir svo illir og syndugir að Guð sendi flóð yfir alla jörðina til að hegna þeim. Nói, fjölskylda hans og dýrin björguðust hinsvegar vegna þess að þau voru í örkinni.

**Móses** er einn af merkustu spámönnum Guðs samkvæmt gyðingdóm, kristni og íslam. Hann leiddi ísraelsku þjóðina (gyðinga) úr ánaud frá Egyptalandi og færði þeim sáttmálann frá Guði.

Samkvæmt íslam var **Jesús** einn af merkustu spámönnum Guðs en samkvæmt kristni er Jesú sonur Guðs og frelsari mannkyns. Gyðingar viðurkenna hinsvegar ekki Jesú sem spámann.

svo þeir geti kennt manningum að lifa samkvæmt kenningu hans. Einkenni spámanna er að þeir drýgja ekki syndir en eiga það til að gera minniháttar mistök sem eru þá leiðrétt með opinberunum. Þeir fá styrk frá Guði til að framkvæma kraftaverk og sýna á þann hátt mátt Guðs. Spámenn staðfesta þann boðskap sem á undan hefur komið og segja frá þeim sem á eftir að koma fram.

Múhameð spámaður fæddist árið 570 e.Kr. í borginni Mekku í Arabíu. Frá sex ára aldri var hann munaðarlaus en var alinn upp af frænda sínum. Sem ungur maður fór hann að vinna fyrir sér hjá ríkri ekkju að nafni Khadija og giftist henni svo. Hann varð verslunarmaður og eignaðist börn með henni en aðeins ein dóttir hans, Fatíma, er talin hafa lifað hann.

Múhameð meðtók fyrstu opinberunina fertugur að aldri en um leið og hann hóf að boða íslam sættu hann og fylgjendur hans mjög miklum ofsóknum. Khadija kona hans dó árið 619 sem var mikið áfall fyrir Múhameð, en auk þess lést frændi hans



Þetta ár og því er það oft nefnt ár sorgarinnar.

Múhameð og hans náni samstarfsmaður Abu Bakr flúðu svo frá Mekku til Medína árið 622. Múhameð varð leiðtogi í Medía og naut mikilla vinsælda auk þess sem hann giftist dóttur Abu Bakr, Aisha.

Á aðeins 23 árum lauk Múhameð köllunarverki sínu sem spámaður og dó 63 ára gamall eða í júní árið 632. Múslimar telja lifnaðarhætti hans vera öðrum fyrirmynd enda einkenndist líf hans og gerðir af því sem Kóraninn boðar.

## Spurningar

1. Hvaða skoðun hafa múslimar á Jesú?
2. Hvert er hlutverk spámanna?
3. Múslimar telja að spámenn drýgi ekki syndir en séu samt ekki fullkomnir og geti gert minniháttar mistök. Hvers vegna telur þú að svo sé?
4. Hvaða ár dó Múhameð?